

63. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 08.04 2014, kl. 13.30

Mættir til fundar Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Lárus Heiðarsson, Þorvarður Ingimarsson er væntanlegur og mætti kl. 14.00.

Einnig var mætt vegna 1. dagskrárliðar, Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Vatnajökulspjóðgarður
2. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2013, fyrri umræða
3. Skýrsla oddvita
4. Þjónustusamningur við Óbyggðasafn Íslands ehf
5. Félagsþjónusta
6. Ósk um umsögn um breytingu á rekstrarleyfi
7. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030
 - a) Umsagnir sem borist hafa
 - b) Bréf Umhverfis-og auðlindaráðuneytis dags. 31.03
8. Tilnefning 1 fulltrúa og 1 varafulltrúa í stjórn Forskots
9. Skólamál
10. Barri ehf
11. Bréf
 - Lánasjóður sveitarfélaga dags. 02.04
12. Umhverfisstyrkir
 - Geitagerði, Skeggi Þormar
13. Fjárbeiðnir
 - a) UMF Ásinn
 - b) Eyðibýli á Íslandi
 - c) Svæðisbundnir fjölmiðlar
 - d) List án landamæra
 - e) Klaustursagan
14. Fundargerðir
 - a) Félagsmálanefnd 05.03
 - b) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 06.03
 - c) Samgöngunefnd SSA 10.03
 - d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 07.03 og afrit af umsögn safnsins um frumvarp 246. mál
 - e) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 24.03
 - f) HAUST 25.03, ásamt árskýrslu fyrir árið 2013
15. Önnur mál

1. Vatnajökulspjóðgarður.

Farið var yfir reynslu sl. sumars af landvörslu og viðveru starfsmanna Snæfellsstofu á Hengifossvæðinu á tímabilinu 22. júní til 12. ágúst. Boðið var daglega upp á gönguleiðsögn upp að Hengifossi. Landverðir spjölluðu við gesti, týndu rusl og starfsfólkið las daglega af gestamæli, frá byrjun júní og út september.

Agnes taldi reynslu af verkefninu mjög jákvæða, en mikilvægt væri að gera úrbætur á göngustígum og merkingum, einnig þyrfti að stýra umferð um svæðið betur og opna

snyrtingar fyrir á vorin. Vilji væri hjá Snæfellsstofu til að verkefnið héldi áfram í sumar með svipuðu fyrirkomulagi.

Agnes sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum í sumar innan Austursvæðis og að Guðrún Jónsdóttir hefði hnitsett fossa innan Þjóðgarðsins. Skoðaðar voru myndir af bleytukafla á slóð að Eyjakofa og umræða var um lagfæra þyrfti þann farartálma.

Agnes fór af fundi kl. 14.40

Sveitarstjórn samþykkir að leggja til landvörslu á Hengifossvæðinu kr. 250 þús sumarið 2014, landvarslan verður í samstarfi við og undir stjórn Snæfellsstofu.

2. Ársreikningur Fljótaldalshrepps 2013, fyrri umræða.

Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi Deloitte mætti til fundar kl 14.45.

Sigurður og oddviti kynntu reikninginn og helstu niðurstöður hans. Eftir umræður var samþykkt að vísa ársreikningnum til annarrar umræðu í sveitarstjórn.

Sigurður fór af fundi 16.50.

3. Skýrsla oddvita.

Framkvæmdir í gistihúsum eru vel á veg komnar, búið að skipta stóru rými í þjónustuhúsi í þrjú minni, en eftir er að ganga frá rafmagni, tengja sturtuklefa og setja upp stærri hitakút.

Sveitarfélög sem ekki fá lengur framlög frá Jöfnunarsjóði eftir að breyting var gerð á reglugerð, þ.a.m. Fljótaldalshreppur hafa vakið athygli Innanríkisráðuneytisins á því að þau telji að samkomulag sem gert var varðandi flutning grunnskólans til sveitarfélaga á árinu 1996 hafi verið brotið með reglugerðarsetningunni.

Þar sem landamerkjagrunni Fljótaldalshrepps ber ekki saman við skráningargögn þjóðlenda á Múla og Villingadal, hefur sveitarfélagið mótmælt að þjóðlendurnar verði stofnaðar í Fasteignaskrá á grunni gagna sem ráðuneytið leggur fram.

Aðalfundur SSA 2014 verður haldinn á Vopnafirði dagana 19-20. september.

Starfshópur um hreindýraeldi sem oddviti á sæti í hefur fundað í Reykjavík, næsti fundur er fyrirhugaður á Austurlandi.

Landsvirkjun hefur sent Fljótaldalshreppi skýrslur: LV-2014-034 Andatalningar á Lagarfljóti og á Fljótaldalsheiði árið 2013, LV-2014-030 Heiðagæsaathugandir á Snæfellsöræfum 2013, LV-2014-037 Vöktun skúms á Úthéraði 2005-2013, LV-2014-040 Útbreiðsla og ástand seiða í Jökulsá á Dal og hliðarám hennar 2013, LV-2014-042 Fallryksmælingar við Háslón og í byggð á Fljótaldalshéraði sumarið 2013

4. Þjónustusamningur við Óbyggðasafn Íslands ehf.

Í dag heitir félagið Óbyggðasafn Íslands ehf en eigendur hafa sótt um nafnabreytingu á félaginu og óskað eftir að því verði breytt í Óbyggðasetur Íslands ehf.

Drög að þjónustusamningi Fljótsdalshrepps við Óbyggðasafnið samþykkt og oddvita falið að rita undir samninginn fyrir hönd Fljótsdalshrepps. Samningurinn er til 3ja ára og felur í sér samstarf Óbyggðasafnsins og Fljótsdalshrepps um menningarstarf og ferðaþjónustu í Fljótsdal. Fyrir verkefni og þjónustu greiðir Fljótsdalshreppur árlega framlag til Óbyggðasafnsins.

5. **Félagsþjónusta** . Reglur varðandi félagslegt húsanæði og reglur um NPA hafa verið uppfærðar. Kynntar breytingar og samþykktar af hálfu Fljótsdalshrepps.
6. **Ósk Sýslumannsins á Seyðisfirði um umsögn Fljótsdalshrepps, um breytingu á rekstrarleyfi.** Óskin varðar leyfi vegna Laugarfellsskála. Sveitarstjórn mælir með breytingu á leyfinu fyrir sitt leyti og staðfestir að það sé í samræmi við samþykktir og skipulag sveitarfélagsins.
7. **Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030**
Tillaga að aðalskipulagi er í auglýsingu með athugasemdafresti til 15. maí 2014.
Kynningarfundur fyrir íbúa sveitarfélagsins verður í Végarði, þriðjudagskvöldið 29. apríl kl. 20.00.
 - a) Umsagnir sem borist hafa frá síðasta fundi eru frá: Sveitarfélaginu Hornafirði, Umhverfisstofnun, Fljótsdalshéraði, Minjastofnun Íslands og Veðurstofu Íslands. Unnið verður úr umsögnum þessara aðila samhliða öðrum athugasemdum sem berast á auglýsingatíma skipulagstillögunnar.
 - b) Bréf Umhverfis-og auðlindaráðuneytis dags. 31.03. Varðar ósk Fljótsdalshrepps ,um frestun á skipulagi og kynnt að ráðuneytið fyrirhugar að hafna beiðni um frestun. Sveitarstjórn hefur fallið frá frestun á skipulagi á umræddu svæði.
8. **Tilnefning 1 fulltrúa og 1 varafulltrúa í stjórn Forskots.** Samþykkt að tilnefna Egil Gunnarsson sem fulltrúa sveitarfélagsins og Ólöfu Sæunni Valgarðsdóttur til vara.
9. **Skólamál.** Borist hefur bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs varðandi samþykki um að unnið verði eftir tillögum starfshóps að framtíðarskipan skólamála Hallormsstaðaskóla.
10. **Barri ehf.** Aðalfundarboð 10. apríl. Fundurinn verður haldinn á Valgerðarstöðum kl. 20.00. Jóhann Fr. Þórhallsson fer með umboð sveitafélagsins á fundinum.
11. **Bréf**
Lánasjóður sveitarfélaga dags. 02.04. Arðgreiðsla til Fljótsdalshrepps er 96.660- vegna ársins 2013.
12. **Umhverfisstyrkir**
Geitagerði, Skeggi Þormar. Samþykktur hámarksstyrkur.
13. **Fjárbeiðnir**
 - a) UMF Ásinn. Samþykkt að styrkja kaup á hnoðbretti um kr. 25.000-
 - b) Eyðibýli á Íslandi. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 25.000-
 - c) Svæðisbundnir fjölmiðlar. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 25.000-
 - d) List án landamæra. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 25.000-
 - e) Klaustursagan. Samþykkt að kaupa þrjú eintök samtals kr. 12.000-

14. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 05.03. Kynnt.
- b) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 06.03. Kynnt.
- c) Samgöngunefnd SSA 10.03. Kynnt.
- d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 07.03 og afrit af umsögn safnsins um frumvarp 246. mál Kynnt.
- e) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 24.03. Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, umsóknarfrestur er til 23. apríl.
- f) HAUST 25.03, ásamt árskýrslu fyrir árið 2013. Kynnt.

15. Önnur mál.

- a) Rætt um orkuverkefnið og nýútkomnar skýrslur frá Baldvini Harðarsyni um úttekt hans á íbúðarhúsum í sveitinni. Baldvin er áhugasamur um að verkefnið haldi áfram og að unnið verði að lagfæringum þar sem þörf er, á grundvelli rannsókna hans. Skýrslur Baldvins verða sendar húseigendum á næstu dögum.
- b) Íbúaskrá 1. desember yfirfarin, kannað verður með skráningu 2ja aðila.
- c) Viðmiðunardagur fyrir kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 2014 er 10. maí

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.45
Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)